

## GJALDSKRÁ

### um sorphreinsun í Skaftárhreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur á árlegt sorphreinsunargjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi og er það innheimt með fasteignagjöldum, samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 342/2004.

#### 2. gr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.  
Til lögbýla teljast búhlutar jarða í ábúð þar sem stundaður er hefðbundinn landbúnaður í atvinnuskyni.  
Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.  
Frístundahús eru sumarbústaðir og fasteignir aðrar sem notaðar eru í sambærilegum tilgangi.

#### 3. gr.

Árlegt sorphreinsunargjald er sem hér segir:

- |   |             |
|---|-------------|
| a. Íbúðir   | kr. 12.000  |
| b. Lögbýli  |             |
| Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum: |             |
| Flokkur b1  | kr. 9.000   |
| Flokkur b2  | kr. 18.000  |
| c. Fyrirtæki  |             |
| Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum: |             |
| Flokkur c1  | kr. 12.000  |
| Flokkur c2  | kr. 36.000  |
| Flokkur c3  | kr. 72.000  |
| Flokkur c4  | kr. 144.000 |
| d. Frístundahús, sorpeyðingargjald                    | kr. 3.000   |

Sveitarstjórn skipar lögbýlum og fyrirtækjum í flokka samkvæmt b og c. Við flokkun er miðað við umfang starfsemi og áætlað magn úrgangs. Sorphirða fer ekki fram á vegum sveitarfélagsins við frístundahús.

#### 4. gr.

Eigendur lögbýla og fyrirtækja geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt c og d lið 3. greinar og skal beiðni þar um vera skrifleg. Sveitarstjórn er heimilt að endurákvæða flokkun ef ástæða þykir til.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps, samkvæmt 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

*Kirkjubæjarklaustri, 7. apríl 2004.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Gunnsteinn R. Ómarsson** sveitarstjóri.